LANDSBRÉF

Ársskýrsla 2013

Ávarp stjórnarformanns	3
Árið í hnotskurn	4
Lykiltölur úr rekstri	8
Sjóðir og félög	9
Skuldabréfasjóðir	10
Innlendir hlutabréfasjóðir	12
Erlendir hlutabréfasjóðir	14
Blandaður sjóður	17
Sérhæfðar fjárfestingar	18
Fagfjárfestasjóðir	18
Samlagshlutafélög	18
Sjóðir í slitaferli	19
Stýring og eftirlit með áhættu	20
Stjórn og stjórnarhættir	21
Stjórn	21
Skipurit	22
Hlutverk og gildi	23
Stjórnarhættir	24
Stjórnarháttayfirlýsing	26
Ársreikningur	33

Ávarp stjórnarformanns

Víða má sjá þess merki að efnahagslífið hér á landi sé nú loks að ná sér á strik eftir mörg mögur ár. Íslenskt viðskiptalíf, og þá einkum fjármálakerfið, á þó enn nokkuð í land en mikilvægir áfangar hafa náðst á síðustu misserum. Ein forsenda fyrir farsælli endurreisn íslensks fjármálakerfis er að þeir sem taka að sér að ávaxta fjármuni almennings og annarra fjárfesta geri það með skilvirkum og ábyrgum hætti. Að því vinna stjórn og starfsmenn Landsbréfa.

Landsbréf hafa lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt vöruframboð fyrir breiðan hóp fjárfesta, en á sama tíma að skapa sjóðum félagsins faglega og trausta umgjörð. Unnið hefur verið að því að styrkja regluverk félagsins og stjórnarhætti þess. Á árinu 2013 var gerð ítarleg úttekt á stjórnarháttum félagsins, þar sem staðfest var að þeir eru til fyrirmyndar og fengu Landsbréf í framhaldinu sérstaka viðurkenningu þar að lútandi frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands.

Sigurbjörn Jón Gunnarsson
Stjórnarformaður Landsbréfa

Rekstur Landsbréfa gekk vel á síðasta ári og jukust eignir í stýringu um 33%. Hjá félaginu starfar öflugur hópur fólks sem hefur metnað til að vinna að arðbærum rekstri með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Starfsmenn Landsbréfa gera sér grein fyrir því að árangri verður aðeins náð ef unnið er af fagmennsku og á ábyrgan hátt í þágu þeirra sem fela félaginu fé til ávöxtunar.

Árið í hnotskurn

Um Landsbréf

Landsbréf eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið hefur starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða, auk þess að hafa starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.

Landsbréf voru stofnuð árið 2008 sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, en Landsbankinn hf. eignaðist félagið á árinu 2010. Einu hluthafar félagsins eru Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790, sem á 99,99% hluta, og Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920, sem á 0,01% hluta, en bæði félögin eru dótturfélög Landsbankans hf.

Árið 2013 var farsælt og viðburðaríkt hjá Landsbréfum, en þetta ár var fyrsta heila rekstrarár félagsins eftir að félagið keypti rekstur allra sjóða Landsvaka hf. í mars 2012 og tóku yfir rekstur og stýringu eigna Horns fjárfestingarfélags hf. í september sama ár. Umfang Landsbréfa hf. jókst mikið á árinu 2013 og námu hreinar rekstrartekjur félagsins 969 milljónum króna samanborið við 443 milljónir króna árið 2012. Hagnaður af rekstri nam 187 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 7 milljónir króna árið 2012. Sjóðum og félögum í rekstri Landsbréfa fjölgaði úr 20 í árslok 2012 í alls 34 í árslok 2013. Þar af eru 13 verðbréfasjóðir, 9 fjárfestingarsjóðir, 7 fagfjárfestasjóðir og 5 félög. Þá stýra Landsbréf eignum fyrir nokkra lögaðila samkvæmt sérstökum eignastýringarsamningum. Í lok árs voru eignir í stýringu hjá Landsbréfum samtals um 110 milljarðar króna og höfðu vaxið um rúm 33% á árinu.

Fyrsti ársfjórðungur

Í febrúar voru settir á laggirnar tveir nýir fjárfestingarsjóðir, Landsbréf - Einkabréf B og Landsbréf - Einkabréf C. Báðir sjóðirnir eru blandaðir sjóðir, þ.e. þeir fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Sjóðirnir voru stofnaðir í þágu viðskiptavina Einkabankaþjónustu Landsbankans.

Þann 14. mars héldu Landsbréf ásamt Landsbankanum vel heppnaða ráðstefnu um ferðaþjónustu. Á ráðstefnunni var m.a. kynnt til sögunnar Landsbréf - Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF I), sem er nýtt félag um framtaksfjárfestingar á sviði ferðaþjónustu, einkum á sviði nýrrar, afþreyingatengdrar ferðaþjónustu. Félagið hlaut strax góðar viðtökur bæði meðal fjárfesta og eins hjá aðilum í ferðaþjónustu. Það hefur sýnt sig að til staðar eru spennandi tækifæri til arðbærrar uppbyggingar í ferðaþjónustu hér á landi. Framkvæmdastjóri ITF I er Helgi Júlíusson.

Fyrsta fjárfesting Horns II var í Bláa lóninu.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 22. mars 2013 í nýjum höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 33 í Reykjavík. Á fundinum var samþykkt að auka eigið fé félagsins um 750 milljónir króna. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., dótturfélag Landsbankans hf., skrifaði sig fyrir allri hækkuninni og var það greitt að fullu á árinu. Sterkur efnahagur félagsins eflir það verulega til að takast á við vöxt og verkefni næstu ára.

Annar ársfjórðungur

Í apríl var tilkynnt um að félagið hefði lokið fjármögnun á nýju félagi um framtaksfjárfestingar, Horni II slhf., en unnið hafði verið að fjármögnun félagsins frá haustinu 2013. Hluthafar eru um 30 talsins og samanstanda einkum af lífeyrissjóðum og öðrum fagfjárfestum. Stærð Horns II er ríflega 8,5 milljarðar króna sem þýðir að félagið hefur mikla fjárfestingargetu og hefur því alla burði til að láta að sér kveða í íslensku atvinnulífi næstu árin. Yfirlýst stefna Horns II er að fjárfesta í óskráðum félögum með trausta og vel þekkta rekstrarsögu og er gert ráð fyrir að auk þess sem félagið fjárfesti sjálft í fyrirtækjum muni það eftir atvikum einnig bjóða hluthöfum sínum að taka beinan þátt í stærri fjárfestingum þegar við á. Áætlað fjárfestingartímabil Horns II er til loka árs 2015 og áætlaður líftími er til ársins 2018. Lögð er sérstök áhersla á skýra útgönguáætlun í fjárfestingum og er meðal annars horft til skráningar í Kauphöll í því sambandi. Framkvæmdastjórar Horns II eru þeir Hermann Már Þórisson og Steinar Helgason, en þeir höfðu áður stýrt Horni fjárfestingarfélagi hf. frá árinu 2009 með góðum árangri. Hermann leiðir teymi sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum hf. Fyrsta fjárfesting Horns II var í Bláa lóninu hf. í gegnum Hvatningu slhf. sem Horn II slhf. á ásamt Kólfi ehf., sem er í eigu Gríms Sæmundsen forstjóra Bláa Lónsins og Edvards Júlíussonar. Allt bendir til að þessi fjárfesting muni reynast félaginu mjög farsæl.

Í maí var haldinn hluthafafundur í félaginu og varamönnum félagins fækkað í tvo (en varamenn í stjórn eru þau Bergþór I. Björgvinsson og Heiður Agnes Björnsdóttir). Varamenn voru áður fimm, en ákvörðun var tekin um fækka þeim í kjölfar lagabreytinga sem heimiluðu fækkun varamanna.

Þriðji ársfjórðungur

Þann 5. júlí var tilkynnt um það að Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta hefði valið Landsbréf sem eitt þriggja fyrirtækja til að annast eignastýringu fyrir sjóðinn. Samningur um eignastýringu við sjóðinn var gerður í framhaldi útboðs þar sem leitað var eftir aðilum til að stýra eignasafni sjóðsins. Tíu fjármálafyrirtæki tóku þátt í útboðinu.

Að loknu ítarlegu matsferli, þar sem fjölmargir þættir á borð við reynslu í eignastýringu og stöðugleika voru lagðir til grundvallar, ákvað sjóðurinn að ganga til samninga við þrjú þeirra, þar á meðal Landsbréf.

Þann 13. ágúst var kauphallarsjóðurinn Landsbréf – LEQ tekinn til viðskipta í Kauphöllinni. Sjóðurinn er vísitölusjóður sem hefur það að markmiði að endurspegla samsetningu OMXI6CAPISK vísitölunnar. Sjóðurinn markar merkileg tímamót þar sem þetta er fyrsti kauphallarsjóðurinn sem skráður er frá hruni. Kauphallarsjóðir hafa notið mikilla og vaxandi vinsælda á erlendum mörkuðum og eru allar forsendur til að sú geti einnig orðið raunin hér á landi, ekki síst eftir því sem verðbréfamarkaði hér á landi vex ásmegin. Gerður hefur verið samningur um viðskiptavakt með sjóðinn til að tryggja að ávallt sé virkur markaður með hlutdeildarskírteini sjóðsins.

Í ágúst var fjárfestingarsjóðurinn Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð settur á fót, en þar er um að ræða skuldabréfasjóð sem aðallega fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum og fyrirtækjaskuldabréfum.

Í september var kynnt að Landsbréf - Icelandic Tourism Fund I slhf., sem er félag um framtaksfjárfestingar á sviði ferðaþjónustu, hefði fjárfest í tveimur stórum verkefnum í afþreyingu fyrir ferðamenn. Er þar annars vegar um að ræða Fákasel í Ölfusi, þar sem settar eru upp hestasýningar og rekin ferðaþjónusta þeim tengdum, og hins vegar verkefni sem felst í að byggð verði ísgöng og íshellar í Langjökli sem ferðamönnum mun síðar seldur aðgangur að, en jöklaferðir hafa notið stöðugt meiri vinsælda hjá ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum. Landsbréf – Icelandic Tourism Fund I slhf. er í eigu Icelandair, Landsbankans og nokkurra lífeyrissjóða. Fjárfestingargeta félagsins er 2,1 milljarðar króna og hefur verið horft til þess að fjárfesta í fimm til tíu verkefnum. Fyrst og fremst er horft til verkefna í afþreyingartengdri ferðaþjónustu.

Fjórði ársfjórðungur

Um miðjan október var kynnt að Landsbréf hefðu hlutast til um stofnun Landsbréfa - Brunns slhf. sem væri ætlað stórt hlutverk í nýsköpunarverkefnum. Gert er ráð fyrir að fjármögnun félagsins verði lokið á fyrri hluta ársins 2014, en fyrirhugað er að félagið muni fjárfesta í sprotafyrirtækum og nýsköpun í ýmsum atvinnugreinum allt frá frumstigi fyrirtækja til þeirra sem eru lengra komin og teljast vænleg til vaxtar bæði hér á landi og erlendis. Með stofnun Landsbréfa – Brunns slhf. tóku Landsbréf frumkvæðið að stofnun nýs aðila á sviði framtaksfjárfestinga sem horfir

Fyrstu kauphallarsjóðir eftir hrun voru skráðir á árinu. Kauphallarsjóðir hafa notið mikilla og vaxandi vinsælda.

fyrst og fremst til fjárfestingar í fyrirtækjum á uppbyggingarstigi. Hér á landi hefur hingað til ekki verið nægjanlega sterk hefð fyrir því að framtakssjóðir fjárfesti í fyrirtækjum á uppbyggingarstigi þeirra og er Landsbréf með stofnun þessa félags að leggja sitt af mörkum til að breyta þeirri stöðu. Með góðum stjórnarháttum, virkri greiningu og aðhaldi getur félagið hlúð að góðum viðskiptahugmyndum, lagt grunninn að arðsamri nýsköpun og virkjað þann mikla kraft sem býr í frumkvöðlum á Íslandi.

Þá var fjárfestingarsjóðurinn Landsbréf - Einkabréf D stofnaður í október. Sjóðurinn, sem er blandaður fjárfestingarsjóður, er ætlaður viðskiptavinum Einkabankaþjónustu Landsbankans.

Í lok október var nýr kauphallarsjóður, Landsbréf – LREAL, tekinn til viðskipta í Kauphöllinni. Sjóðurinn markar merkileg tímamót í sögu verðbréfamarkaðar hér á landi, þar sem hann er fyrsti skuldabréfasjóðurinn sem skráður er í kauphöll hér á landi. Sjóðurinn er vísitölusjóður sem fjárfestir í verðtryggðum ríkisskuldabréfum, en þau eru í dag stærstur hluti markaðsverðbréfa á Íslandi. Sjóðurinn mun endurspegla NOMXIREAL-vísitöluna sem NASDAQ OMX Iceland reiknar og birtir. Í vísitölunni eru verðtryggð ríkisbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkisins samkvæmt reglum vísitölunnar. Þau skuldabréf sem mynda vísitöluna í dag eru allir fjórir flokkar íbúðabréfa ásamt verðtryggðum ríkisbréfum á gjalddaga 2021. Landsbankinn annast viðskiptavakt með sjóðinn sem tryggir góðan seljanleika á hlutdeildarskírteinum.

Í nóvember var fjárfestingarsjóðurinn Landsbréf - Safnbréf 1 stofnaður og er það fimmti blandaði fjárfestingarsjóðurinn í rekstri Landsbréfa.

Í desember veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, Landsbréfum hf. viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Kom ákvörðunin í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum Landsbréfa sem unnin var af lögmannsstofunni Lex ehf. Niðurstaða úttektar Lex er sú að stjórnarhættir Landsbréfa geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar.

Lykiltölur úr rekstri

Eignir í stýringu hjá Landsbréfum

Allar tölur eru í milljónum króna.

Eigið fé Landsbréfa

Hagnaður Landsbréfa

Sjóðir og félög

Landsbréf annast rekstur á þrenns konar sjóðum: Verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum. Í lok desember 2013 voru 29 sjóðir í rekstri félagsins, þar af þrír í slitaferli, og nam hrein eign þeirra rúmum 63 milljörðum króna. Í árslok voru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum Landsbréfa tæplega 12 þúsund.

Í fjárfestingarráðum sjóða sitja sjóðstjórar, auk framkvæmdastjóra Landsbréfa og staðgengils framkvæmdastjóra. Í fjárfestingarráði eru teknar ákvarðanir um hvar innan sinna heimilda sjóðirnir staðsetja sig. Sjóðstjórar framfylgja ákvörðunum fjárfestingarráðs og fjárfesta fyrir innstreymi fjár og selja fyrir innlausnum. Í verðmatsnefndum sjóða fer fram verðmat á óskráðum eignum. Í verðmatsnefndum sitja sjóðstjórar og starfsmaður innra eftirlits hefur áheyrn.

Landsbréf stofnuðu þrjá nýja verðbréfasjóði á árinu, Landsbréf – LEQ, Landsbréf – LREAL og Landsbréf – LNOM. Tveir þeir fyrrnefndu eru kauphallarsjóðir. Einnig voru stofnaðir fimm nýir fjárfestingarsjóðir, Landsbréf – Markaðsbréf sértryggð, Landsbréf – Einkabréf B, Landsbréf – Einkabréf C, Landsbréf – Einkabréf D og Landsbréf – Safnbréf 1. Þá voru fagfjárfestasjóðirnir Landsbréf – LEQBULL og Landsbréf – LBS I stofnaðir.

Verðbréfasjóðir í virkri stýringu Landsbréfa eru nú þrettán og skiptast þeir í skuldabréfasjóði, ríkisskuldabréfasjóði og hlutabréfasjóði.

Þá eru átta fjárfestingarsjóðir og fjórir fagfjárfestasjóðir einnig í virkri stýringu hjá félaginu.

Landsbréf – Veltubréf eru verðbréfasjóður og eini sjóður landsins sem starfar eftir ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, um peningamarkaðssjóði.

Skuldabréfasjóðir

Landsbréf reka sex ríkisskuldabréfasjóði, Landsbréf - Sparibréf ríkisvíxla, Landsbréf – Sparibréf stutt, Landsbréf - Sparibréf meðallöng, Landsbréf – Sparibréf löng, Landsbréf – Sparibréf verðtryggð og Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð. Sjóðirnir eru verðbréfasjóðir og hafa allir sömu fjárfestingarstefnu, en eru ólíkir hvað varðar líftíma og samsetningu verðtryggðra og óverðtryggðra bréfa. Landsbréf reka einnig tvo blandaða skuldabréfasjóði, verðbréfasjóðinn Landsbréf – Markaðsbréf, sem fjárfestir í skuldabréfum útgefnum af ríki, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, og fjárfestingasjóðurinn Landsbréf – Markaðsbréf sértryggð, sem leggur áherslu á fjárfestingar í sértryggðum skuldabréfum stóru bankanna.

Landsbréf reka einnig skammtímasjóðinn Landsbréf – Veltubréf, sem fjárfestir í innlánum og í peningamarkaðsgerningum með ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og fjármálafyrirtækja. Landsbréf – Veltubréf eru verðbréfasjóður og eini sjóður landsins sem starfar eftir ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, um peningamarkaðssjóði.

Þann 31. október var nýr kauphallarsjóður, verðbréfasjóðurinn Landsbréf – LREAL, tekinn til viðskipta í Kauphöllinni. Landsbréf – LREAL er fyrsti kauphallarsjóðurinn á Íslandi sem fjárfestir í skuldabréfum, en sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð ríkis sem í dag eru stærstur hluti markaðsverðbréfa á Íslandi. Sjóðurinn er vísitölusjóður sem fylgir NOMXIREAL-vísitölunni, sem Kauphöllin reiknar og birtir.

Eftir mjög góð ár á ríkisskuldabréfamarkaði frá árinu 2008 gaf ávöxtun skuldabréfa nokkuð eftir á árinu 2013. Óverðtryggð ríkisskuldabréf gáfu mun betur en verðtryggð á árinu, en ávöxtun 10 ára óverðtryggðu vísitölunnar OMXI10YNI var 5,93% á móti 1,52% ávöxtun verðtryggðu vísitölunnar OMXI10YI. Töluvert flökt var í ávöxtunarkröfu markflokka. Velta skuldabréfa í Kauphöllinni hefur einnig dregist nokkuð saman síðastliðin tvö ár. Ástæður þessa eru ýmsar, óvissa hefur verið um afdrif Íbúðalánasjóðs, sem er stærsti útgefandi skuldabréfa á íslenska markaðnum, óvissa hefur verið um þróun hagvaxtar og verðbólgu og leiða má líkur að því að sá eftirspurnarþrýstingur sem verið hefur á skuldabréfamarkaðnum síðustu ár hafi slaknað nokkuð, bæði vegna minnkandi stöðu erlendra aðila og vegna fleiri fjárfestingarkosta sem myndast hafa meðal annars í kjölfar uppbyggingar hlutabréfamarkaðarins.

Útgáfa annarra skuldabréfa en skuldabréfa ríkis hefur verið að byggjast upp að undanförnu og er markaður með slík bréf að styrkjast. Um er að ræða skuldabréf útgefin af sveitarfélög-

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu

Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu

um, sértryggð skuldabréf fjármálastofnana og skuldabréf útgefin af sjóðum og fyrirtækjum. Umgjörð útgáfu þessara bréfa er nú töluvert breytt hvað varðar seljanleika, veð, veðgæslu og önnur skilyrði sem útgefandi þarf að undirgangast. Líklegt er að áframhaldandi uppbygging verði á þessum markaði.

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbréfa minnkuðu lítillega á árinu, sem er í samræmi við almenna þróun á markaðnum. Á móti kom að nokkuð innflæði var í aðra skuldabréfasjóði. Landsbréf – Markaðsbréf stækkuðu um tæp 88% og skammtímasjóðurinn Landsbréf – Veltubréf um tæp 30%.

Ávöxtun skuldabréfasjóða Landsbréfa var almennt mjög góð miðað við markaðsaðstæður og í samanburði við aðra sjóði. Landsbréf – Markaðsbréf, sem áttu 15 ára afmæli á árinu, var til að mynda með hæstu ávöxtun allra skuldabréfasjóða á árinu, eða 6,08%. Einnig var sjóðurinn Landsbréf – Sparibréf óverðtryggð með bestu ávöxtun ríkiskuldabréfasjóða, 5,12%, en það er þriðja árið í röð sem Landsbréf (áður Landsvaki) eiga besta ríkisskuldabréfasjóð ársins.

Innlendir hlutabréfasjóðir

Landsbréf reka þrjá innlenda hlutabréfasjóði, Landsbréf – Úrvalsbréf, Landsbréf – Öndvegisbréf og kauphallarsjóðinn Landsbréf – LEQ. Landsbréf – Úrvalsbréf eru fjárfestingarsjóður sem fjárfesta að mestu leyti í innlendum hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Landsbréf – Öndvegisbréf eru fjárfestingarsjóður sem fjárfestir bæði í skráðum innlendum hlutabréfum, sem og óskráðum innlendum hlutabréfum. Í ágúst voru hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðnum Landsbréfum – LEQ tekin til viðskipta í Kauphöllinni og varð hann þar með fyrsti kauphallarsjóðurinn á Íslandi frá endurreisn íslensks hlutabréfamarkaðar. Sjóðurinn er vísitölusjóður sem fylgir OMXI6CAPISK vísitölunni, sem er afbrigði af OMXI6ISK. Sjóðurinn er frábrugðinn hefðbundnari sjóðum með þeim hætti að viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram í gegnum Kauphöll eins og um hlutabréf er að ræða í rauntíma, í stað dagslokaverðs.

Nafnávöxtun Landsbréfa – Úrvalsbréfa á árinu var 29,3%, sem er 10,5% umfram viðmið sjóðsins, OMXI6ISK vísitölu Kauphallar Íslands. Nafnávöxtun Landsbréfa – Öndvegisbréfa á árinu var 30,5%, sem er 3,0% umfram viðmið sjóðsins, OMXIPI-vísitölu Kauphallar Íslands, en sjóðurinn var stofnaður í lok árs 2012.

Á árinu 2013 hélt innlendur hlutabréfamarkaður áfram að vaxa og dafna. Velta jókst í Kauphöllinni á milli ára og skráðum félögum fjölgaði um þrjú á árinu. Úrvalsvísitalan (OMXI6ISK) hækkaði um 18,9% á árinu samanborið við 16,5% árið áður. Um mitt ár urðu breytingar á OMXI6 vísitölu Kauphallar

Gengisþróun Landsbréfa - Úrvalsbréfa samanborin við viðmið

Gengisþróun Landsbréfa – Öndvegisbréfa samanborin við viðmið

Íslands þegar tryggingarfélögin tvö, VÍS og TM voru tekin inn í stað Össurar og Regins. Sú breyting er athyglisverð fyrir þær sakir að stærsta skráða félagið, Össur, var tekið út vegna þess að ekki eru nægjanlega mikil viðskipti með hlutabréf í félaginu.

Ef þróun innan ársins er skoðuð betur sést vel að árið var nokkuð kaflaskipt. Í upphafi og lok árs urðu talsverðar hækkanir á stuttum tíma, en þess á milli lækkaði markaðurinn eða stóð í stað. Bréf Icelandair hækkuðu mest á árinu, eða um 122%, Hagar hækkuðu um 69% og Reginn um 42%. Fjarskipti, sem voru skráð á markað í lok árs 2012, áttu hinsvegar undir högg að sækja á árinu og lækkaði gengi félagsins um 16%.

Meðalvelta með bréf félaga í Kauphöllinni jókst mikið milli ára, úr 356 m.kr. á dag á árinu 2012 í 1.018 m.kr. á dag árið 2013, sem er jákvæð þróun fyrir markaðinn í heild. Mest voru viðskipti með bréf í Icelandair, eða að meðaltali um 300 m.kr. á dag, og svo með Eimskip og VÍS, um 150 m.kr. á dag. Athygli vekur að viðskipti með Össur, sem er stærsta skráða félagið þegar horft er til markaðsverðmætis, voru minnst, eða að meðaltali um 25 m.kr. á dag.

Þrjú ný félög voru skráð á árinu, tryggingarfélögin VÍS og TM á vormánuðum og N1 um miðjan desember. Óhætt er að segja að fjárfestar, bæði einstaklingar og stærri aðilar, hafi tekið félögunum fagnandi því mikil umframeftirspurn var eftir bréfum í öllum útboðunum og hefur gengi VÍS og TM hækkað talsvert frá útboðsgengi. Útboðin voru ekki mjög stór í sniðum sé miðað við fyrirhugaðar skráningar á árinu 2014, sem ætti að styrkja Kauphöllina enn frekar.

Erlendir hlutabréfasjóðir

Erlendir sjóðir Landsbréfa eru tveir. Annars vegar Landsbréf – Nordic 40, sem er vísitölusjóður á Norræna markaðnum sem fjárfestir í 40 stærstu félögunum í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Hins vegar Landsbréf – Global Equity Fund, sem fjárfestir að mestu leyti í öðrum hlutabréfasjóðum en getur fjárfest í stökum verðbréfum allt að 30%. Sá sjóður getur fjárfest alls staðar í heiminum.

Nafnávöxtun Landsbréfa – Nordic 40 var 21,4% á árinu 2013, sem var tæpum 2% hærra en viðmið sjóðsins. Nafnávöxtun Landsbréfa – Global Equity Fund, sem er sjóðasjóður, var 13,7% mælt í EUR sem var 4,5% undir viðmiði sjóðsins.

Árið 2013 einkenndist af bata í efnahagslífi heimsins. Hagvöxtur jókst á flestum mikilvægustu efnahagssvæðum heimsins og til dæmis mældist hagvöxtur í Evrópu, eftir efnahagssamdrátt síðustu ára. Seðlabankar í þróaðri ríkjum heimsins hafa síðustu misseri staðið

Gengisþróun Landsbréfa – Nordic 40 samanborin við viðmið

Gengisþróun Landsbréfa – Global Equity Fund samanborin við viðmið

fyrir miklum slökunaraðgerðum þar sem stýrivextir hafa verið núll eða nálægt því og nokkrir þeirra hafa staðið fyrir uppkaupum á skuldabréfum á lengri enda vaxtarófsins.

Í Bandaríkjunum keypti seðlabankinn þarlend skuldabréf fyrir 85 milljarða USD í hverjum mánuði á árinu 2013 og voru miklar vangaveltur á árinu um það hvenær uppkaupin myndu fara minnkandi. Seðlabankinn gaf það út að atvinnuleysi og verðbólga réðu mestu um hvenær draga myndi úr uppkaupum, sem varð að lokum í desember í kjölfar hagstæðra hagtalna. Árið 2013 var mjög hagfellt fyrir hlutabréfafjárfesta í Bandaríkjunum og hækkaði til að mynda S&P 500 vísitalan um tæp 30%.

Í Evrópu hafa stýrivextir bæði á evrusvæðinu og í Bretlandi verið mjög lágir og hagvöxtur mældist jákvæður á 3. ársfjórðungi á evrusvæðinu eftir 6 fjórðunga af samfelldum efnahagssamdrætti. Þýskaland hefur borið hitann og þungann af viðsnúningnum, en lönd eins og Spánn og Ítalía eru að styrkjast eftir mögur ár. Atvinnuleysi er þó ennþá í hæstu hæðum í Evrópu, en vonir standa til þess að það minnki eftir því sem hagvöxtur eykst. Evrópskir hlutabréfamarkaðir hafa tekið þessum viðsnúningi vel og hækkuðu nokkuð á árinu 2013.

Í Japan setti ríkisstjórnin fram efnahagsáætlun sem ætlað er að örva hagvöxt og auka einkaneyslu. Japanska jenið veiktist um rúm 21% gagnvart dollar á árinu 2013, hagvöxtur mælist nú 2,4% (var 0% í árslok 2012) og atvinnuleysi er 4% (var 4,3% fyrir ári síðan). Á árinu 2013 hækkaði Nikkei vísitalan í jenum talið um 56%, en um 28% í dollar.

Árið 2013 olli vonbrigðum í flestum nýmarkaðslöndum. Þar lækkuðu flestar hlutabréfavísitölur og hagvöxtur hefur verið að dragast saman í mörgum þeirra. Sem dæmi má nefna Kína, þar sem hagvöxtur var 7,7%, sem er lækkun um 1,6 prósentustig frá árinu 2012. Shanghai hlutabréfavísitalan lækkaði um tæp 7% á árinu. Aðstæður milli lands sem teljast til nýmarkaða voru misjafnar, en sem dæmi ollu Tyrkland, Rússland, Indland og Brasilía vonbrigðum og hlutabréfavísitölur í þessum löndum lækkuðu allar mælt í dollar. Ástæðurnar að baki þessu slæma gengi eru bæði efnahagslegar og pólitískar.

Gengisþróun Landsbréfa – Eignabréfa samanborin við undirliggjandi eignaflokka

Blandaður sjóður

Landsbréf - Eignabréf eru blandaður verðbréfasjóður sem hefur það að markmiði að bjóða uppá dreift eignasafn með virkri stýringu. Vægi hlutabréfa á árinu 2013 var aukið frá árinu áður og í árslok var tæplega þriðjungur sjóðsins í skráðum íslenskum hlutabréfum. Stærstur hluti sjóðsins var í skuldabréfum eða peningamarkaðskjölum með ábyrgð íslenska ríkisins sem endurspeglar fjárfestingarstefnu sjóðsins. Ávöxtun ársins var 12,1% sem endurspeglar vel þau viðmið sem undirliggjandi eignamarkaðir skiluðu á árinu 2013.

Árið einkenndist af mikilli hækkun á hlutabréfum á meðan skuldabréfavísitölur áttu hóflegri velgengni að fagna. Markmið Eignabréfa er ávallt langtímahækkun eigna, með fjárfestingum ýmist beint í verðbréfum eða í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Sérhæfðar fjárfestingar

Mikið var um að vera á sviði sérhæfðra fjárfestinga á árinu. Tvö ný félög tóku til starfa á árinu, en lokið var við fjármögnum á bæði Landsbréfum Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF I), sem fjárfestir í afþreyingu tengdri íslenskri ferðaþjónustu, og framtakssjóðnum Horn II slhf., sem fjárfestir í öllum geirum íslensks atvinnulífs. Áfram var unnið að úrvinnslu eigna Horns Fjárfestingarfélags sem gekk vel á árinu eins og undanfarin ár.

Fagfjárfestasjóðir

Í rekstri Landsbréfa um áramót voru 7 fagfjárfestasjóðir. Þar af eru 3 í slitaferli og héldu þeir sjóðir áfram að dragast saman á árinu. Nokkrir nýir fagfjárfestasjóðir voru stofnaðir á árinu 2013 og standa væntingar til áframhaldandi vaxtar á árinu 2014.

Samlagshlutafélög

Á árinu voru fullfjármögnuð tvö félög um framtaksfjárfestingar, Horn II slhf. og ITF I slhf.

Horn II slhf. er rúmlega 8,5 ma.kr. félag um framtaksfjárfestingar sem sérhæfir sig í fjárfestingum í óskráðum innlendum fyrirtækjum. Horn II lauk einni fjárfestingu á árinu þegar félagið keypti um 12,5% hlut í Bláa lóninu. Rekstur þess félags hefur gengið mjög vel og eru allar líkur á áframhaldandi góðum vexti félagsins. Mikil samkeppni hefur verið um fjárfestingartækifæri í óskráðum eignum og með auknum fjölda félaga um framtaksfjárfestingar er viðbúið að sú samkeppni aukist á næstu misserum. Fjöldi fjárfestingartækifæra hefur verið skoðaður. Árið 2014 hefur farið vel af stað, en talsvert af verkefnum hafa verið til skoðunar.

Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF I) er rúmlega 2 ma.kr. félag sem fjárfestir í uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu. Megin áhersla er lögð á ný, arðsöm verkefni sem ætlað er að auka fjölbreytileika og styrkja ferðaþjónustu á Íslandi. Helst er horft til afþreyingartengdrar ferðaþjónustu og áhersla lögð á fjárfestingu í heilsársverkefnum. Rekstur ITF I hófst í apríl og hefur starfsemi félagsins farið vel af stað. Fjölmörg fjárfestingartækifæri hafa verið skoðuð, mörg hver mjög áhugaverð og ljóst að mikil gróska er í ferðamannaiðnaðinum og ekki skortur á hugmyndum til uppbyggingar í greininni. Á árinu voru teknar ákvarðanir um fjórar fjárfestingar.

ITF I réðst í félagi við aðra fjárfesta í stofnun félags sem starfrækja mun hestatengda ferðaþjónustu á jörðinni Ingólfshvoli í Ölfusi og hefur fyrirtækið fengið nafnið Fákasel. Starfsemin byggir á hestasýningum sem höfða til allrar fjölskyldunnar, en auk þess er á staðnum starfrækt veitingaþjónusta og verslun. Starfsemin hófst í janúar 2014.

Ákveðið var að ráðast í gerð ísganga í Langjökli. Ísgöngunum er ætlað að bjóða ferðamönnum upp á einstaka upplifun á heimsmælikvarða þar sem hægt er að skoða jökulinn að innan.

Ákveðið var að ráðast í gerð ísganga í Langjökli. Ísgöngunum er ætlað að bjóða ferðamönnum upp á einstaka upplifun á heimsmælikvarða þar sem hægt er að skoða jökulinn að innan. Þar verður unnt að kynnast hinum einstöku litbrigðum jökulsins og njóta fræðslu um myndun jökla, möguleg áhrif af hlýnun jarðar og fleira. Gert er ráð fyrir að göngin opni á vormánuðum 2015.

Ákveðið var að kaupa 51% hlut í ferðaþjónustufyrirtækinu ICE 8x8 ehf. sem rekur ferðaþjónustu á Langjökli á sérútbúnum jöklarútum. Fjárfesting þessi er hluti af undirbúningi ísgangaverkefnisins.

Í lok ársins var tekin ákvörðun um að fjárfesta í uppsetningu Hvalasafns í Reykjavík þar sem sýnd verða líkön og beinagrindur af öllum hvalategundum sem lifa við strendur Íslands og lögð áhersla á alhliða upplýsingar og gagnvirka fræðslu um hvali. Safnið verður það langstærsta sinnar tegundar á Íslandi og einstakt í safnaflóru landsins.

Árið 2014 fer vel af stað, verkefnastaðan er góð og ef fram heldur sem horfir mun eignasafn sjóðsins byggjast hratt upp.

Landsbréf hafa unnið að undirbúningi að stofnun nokkurra nýrra félaga á árinu. Þar ber helst að nefna Sæhorn slhf., sem er félag um framtaksfjárfestingar sem mun sérhæfa sig í fjárfestingu í sjávarútvegi. Það félag verður ólíkt öðrum félögum þar sem stefnt er að því að Sæhorn nái nauðsynlegri stærð til að vera skráð í Kauphöll innan fjögurra til fimm ára. Grunnur I slhf. er félag sem mun sérhæfa sig í fasteignaþróunarverkefnum á vel staðsettum lóðum á höfuðborgarsvæðinu. Félagið hefur það að markmiði að fjárfesta í stórum lóðum sem hægt er að þróa og byggja upp á næstu fimm til sjö árum. Þriðja félagið sem vert er að nefna er Brunnur I slhf., sem verður nýsköpunarfélag. Væntingar standa til þess að öll þessi félög muni taka til starfa á fyrri helmingi ársins 2014.

Sjóðir í slitaferli

Í lok árs voru fjórir sjóðir í slitaferli. Fjárfestingarsjóðurinn Fyrirtækjabréf Landsbankans hefur verið lokaður síðan í október 2008 og í slitameðferð frá því í janúar 2009. Fagfjárfestasjóðirnir Landsbanki Currency Fund, Landsbanki Aquila Real Estate Fund og Landsbanki Structured Finance III eru í slitaferli. Einum fagfjárfestasjóð var slitið á árinu, Boreas Capital Fund.

Stýring og eftirlit með áhættu

Eftirlit með áhættu í rekstri Landsbréfa er margþætt og hefur stjórn Landsbréfa sett rekstrarfélaginu almennar áhætturreglur sem unnið er eftir. Innra eftirlit og áhættustýring fylgist reglulega með eignastöðu þeirra verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða sem félagið rekur og að sjóðirnir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Markaðsáhætta er metin reglulega með útreikningum á helstu áhættumælikvörðum. Rekstraráhætta er til staðar í allri starfsemi Landsbréfa og er hún metin reglulega og stýrð til að lágmarka fjárhagslegt tjón. Reglulega er áætlun um samfelldan rekstur prófuð og yfirfarin.

Innra eftirlit og áhættustýring sinnir skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila í samræmi við lög og reglur um fjármálafyrirtæki.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð fimm aðilum sem allir hafa lokið hæfismati hjá Fjármálaeftirlitinu. Meirihluti stjórnar er óháður Landsbankanum, eiganda félagsins. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu, en í lok árs var stjórn skipuð sem hér segir.

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar. Sigurbjörn, sem er framkvæmdastjóri Lyfju, er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA próf frá Edinburgh University Business School.

Helga Gunnarsdóttir, meðstjórnandi. Helga, sem er sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., er cand. oecon. frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Jón Þór Grímsson, meðstjórnandi. Jón Þór er deildarstjóri lögfræðiþjónustu fyrir fjárfestingabankastarfsemi í lögfræðideild Landsbankans. Hann er með cand. jur. próf frá lagadeild Háskóla Íslands og hefur réttindi sem héraðsdómslögmaður.

Kristinn Ingi Lárusson, meðstjórnandi. Kristinn Ingi, sem er framkvæmdastjóri On-Waves, er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, meðstjórnandi. Sigríður Hrund er sölustjóri hjá Fasteignakaupum ehf. Hún er með BS gráðu í viðskiptafræði frá University of South Alabama og meistaragráðu (MBA-GeM) frá Háskólanum í Reykjavík.

Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, þau Bergþór I. Björgvinsson, verkfræðingur í Landsbankanum, og Heiður Agnes Björnsdóttir viðskiptafræðingur.

Nánari upplýsingar um einstaka stjórnarmenn, breytingar á stjórninni og umfjöllun um störf stjórnar á árinu er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu sem er birt aftar í ársskýrslunni.

Skipurit

Í árslok voru 19 starfsmenn hjá Landsbréfum, en þeir voru 15 í upphafi árs. Þessi fjölgun ber auknum umsvifum félagsins á árinu glöggt vitni. Sigþór Jónsson er framkvæmdastjóri Landsbréfa, en hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Hann tók við starfi framkvæmdastjóra Landsbréfa haustið 2012. Félagið er skipað reynslumiklu starfsliði og er meðalstarfsaldur þeirra á fjármálamörkuðum um 10 ár.

Hlutverk og gildi

Hlutverk

Landsbréf eru hreyfiafl sem með virkri eignastýringu brúar bilið milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum íslensks samfélags.

Gildi

Metnaður

Verðum í fararbroddi í eignastýringu á Íslandi með vöruþróun, sölu og stýringu nýrra afurða.

Lausnir

Við finnum lausnir fyrir þá sem þurfa fjármögnun og sparnaðarleiðir. Þannig brúum við bilið milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum íslensks samfélags

Ábyrgð

Viðskiptavinir sýna okkur það traust að fela okkur stýringu á eignum þeirra. Við mætum því trausti með ábyrgð, umhyggju og höfum teymisvinnu að leiðarljósi.

Þekking

Við greinum umhverfi okkar ítarlega og erum sérfræðingar sem vilja miðla þekkingunni til viðskiptavina okkar og samfélagsins

Stjórnarhættir

Landsbréf hf. leggja mikla áherslu á reglufestu, gagnsæi og heiðarleika í starfsemi sinni. Gildi þessi eiga einkum við gagnvart viðskiptavinum, en einnig öllum öðrum hagsmunaaðilum, svo sem eigendum, starfsmönnum og eftirlitsaðilum.

Stjórn og starfsmenn félagsins leggja mikið upp úr trausti og trúverðugleika gagnvart viðskiptavinum og að hagsmuna þeirra sé vel gætt. Meirihluti stjórnarmanna er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og meirihluti stjórnarmanna eru jafnframt óháðir hluthöfum félagsins. Með þessu tryggir félagið að stjórnin sinni fremur heildarhagsmunum en hagsmunum tiltekinna hluthafa.

Stjórn Landsbréfa starfar eftir starfsreglum stjórnar félagsins og fer hún með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Í starfsreglum stjórnar er að finna upplýsingar um verkefni stjórnar sem og upplýsingar um það hvenær stjórnarmaður telst vanhæfur.

Virkt eftirlit er með rekstri félagsins og daglegum stjórnendum þess. Innra eftirlit veitir hæfilega vissu um að félagið nái markmiðum sínum varðandi árangur og skilvirkni í starfsemi, áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að félagið hlíti lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Ársreikningur Landsbréfa er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Landsbréf hf. fylgja lögum og reglum í hvívetna og vinna einnig samkvæmt leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem Viðskiptaráð, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa samið og gefið út.

Landsbréf útvista ýmsu sem snýr að stjórnarháttum til móðurfélagsins Landsbankans hf. Þar má nefna regluvörslu og innri endurskoðun.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hefur veitt Landsbréfum hf. viðurkenningu sem fyrirmyndafyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

Stjórnarhættir Landsbréfa til fyrirmyndar
Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hefur veitt Landsbréfum hf. viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Kom ákvörðunin í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum Landsbréfa sem unnin var af lögmannsstofunni Lex ehf. Niðurstaða úttektar Lex er sú að stjórnarhættir Landsbréfa geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar.

Úttekin er unnin á vegum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

Stjórnarháttayfirlýsing

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hf. hefur að geyma lýsingu á stjórnarháttum félagsins. Markmið yfirlýsingarinnar er að stuðla að því að stjórnarhættir séu opinberir og með því lagður grunnur að gegnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina. Landsbréf leggja áherslu á að viðskiptavinir, einkum þeir sem fjárfesta í sjóðum og félögum í stýringu hjá Landsbréfum, geti með einföldum hætti kynnt sér stjórnarhætti félagsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er samin á grundvelli 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010, og á grundvelli 66. gr. c laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2011. Við framsetningu yfirlýsingarinnar er höfð hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (4. útgáfa mars 2012 sem m.a. er birt http://www.vi.is/utgafa-vi/). Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa er birt í ársskýrslu félagsins og á heimasíðu þess. Ákveðin frávik eru frá leiðbeiningunum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir og báðir í samstæðu Landsbankans. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins.

Landsbréf leggja áherslu á vandaða stjórnarhætti og telja þá skapa nauðsynlega umgjörð fyrir heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins til frambúðar.

Í lok ársins 2013 ákvað Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að veita Landsbréfum viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Var sú viðurkenning veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum félagsins sem unnin var af lögmannsstofunni Lex.

Landsbréf eru sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi rekstrarfélags verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða samkvæmt 7. tölul. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið hefur jafnframt leyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Rekstri sjóða Landsbréfa er hagað í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingarfélag ehf. Þó Landsbréf séu sjálfstætt fjármálafyrirtæki á það í miklum samskiptum við Landsbankann, ekki hvað síst með þeim hætti að tilteknum verkefnum hefur verið útvistað til Landsbankans sam-

Landsbréf eru ört vaxandi sjóðastýringarfyrirtæki sem leggur metnað sinn í fagleg og vönduð vinnubrögð með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt framboð fjárfestingarkosta fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta.

kvæmt sérstökum útvistunarsamningum sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Landsbréf hafa sett sér sérstakar reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í samskiptum sínum við tengda aðila eins og Landsbankann. Reglur þessar eru birtar á heimasíðu félagsins. Samskipti félagsins við hluthafa fara fram á formlegum hluthafafundum.

Landsbréf eru ört vaxandi sjóðastýringarfyrirtæki sem leggur metnað sinn í fagleg og vönduð vinnubrögð með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt framboð fjárfestingarkosta fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Starfsmenn félagsins voru í árslok 2013 alls 19 talsins.

Landsbréf hafa skilgreint árangur, lausnir, fagmennsku og traust sem grundvallargildi í rekstri sínum. Leggur félagið metnað sinn í að skilgreina þarfir viðskiptavina og bjóða vandað vöruframboð til samræmis við þessar þarfir. Einnig er áhersla lögð á að vinna í hvívetna af fagmennsku og leggja þannig grunninn að trausti til félagsins og starfsmanna þess. Þá hefur stjórn Landsbréfa sett sérstakar siðareglur, í formi siðasáttmála Landsbréfa, sem fela í sér grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis fyrir Landsbréf og starfsmenn þess. Viðmiðin gilda þannig um samskipti starfsmanna félagsins við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Stjórn Landsbréfa hefur samþykkt sérstaka stefnu Landsbréfa um ábyrgð gagnvart samfélagi og fjárfestingum. Stefna þessi er birt á heimasíðu félagsins. Með setningu þessarar stefnu er leitast við að marka stefnu með tilliti til umhverfis, félagslegra þátta og samfélagslegrar ábyrgðar almennt.

Landsbréf lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins og gengið úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og þær reglur sem um reksturinn gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unninn innan félagsins sjálfs, en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu, er útvistað með sérstökum samningi til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar.

Reikningsskil A-hluta Landsbréfa fyrir árið 2013 voru unnin af Landsbankanum samkvæmt sérstökum útvistunarsamningi. Landsbankinn er jafnframt vörslufyrirtæki sjóða í rekstri Landsbréfa, sbr. II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Ytri endurskoðun er framkvæmd af KPMG ehf. Endurskoðendur framkvæma endurskoðun á reikningum félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ganga úr skugga um að reikningsskil séu samin í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Stjórnarmenn Landsbréfa eru fimm talsins og tveir til vara. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Landsbankanum. Stjórn félagsins skipa:

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, f. 29. ágúst 1959, formaður stjórnar. Sigurbjörn, sem er framkvæmdastjóri Lyfju, er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA próf frá Edinburgh University Business School. Sigurbjörn hefur yfirgripsmikla reynslu af rekstri fyrirtækja og þátttöku í fjárfestingarstarfsemi. Hann situr í stjórnum Heilsu ehf., Heilsuhússins ehf., Innlands ehf., Kaupfélags Suðurnesja, Mengis ehf. og Samkaupa ehf., auk þess að vera framkvæmdastjóri Lyfju hf. og Heilsuhússins ehf. Sigurbjörn hefur setið í stjórn Landsbréfa síðan í maí 2012 og er flokkaður sem óháður stjórnarmaður. Sigurbjörn á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Helga Gunnarsdóttir, f. 26. apríl 1969, meðstjórnandi. Helga, sem er sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., er cand. oecon. frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Helga hefur starfað hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. og áður Landsbanka Íslands hf. frá 2003. Á árunum 1999-2003 starfaði hún hjá fyrirtækjaráðgjöf Búnaðarbankans hf. og Kaupþings Búnaðarbanka hf. Helga hefur einkum unnið að verkefnum fyrir fyrirtæki sem eru skráð í kauphöll eða hyggja á slíka skráningu. Helga situr ekki í stjórnum annarra félaga. Helga var kjörin í stjórn Landsbréfa í desember 2013 og er flokkuð sem háður stjórnarmaður. Fyrir utan tengsl hennar við Landsbankann sem starfsmaður hans, á hún engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Jón Þór Grímsson, f. 27. apríl 1975, meðstjórnandi. Jón Þór er deildarstjóri lögfræði þjónustu fyrir fjárfestingarbankastarfsemi í lögfræðideild Landsbankans. Hann er með cand. jur. próf frá lagadeild Háskóla Íslands

og hefur réttindi sem héraðsdómslögmaður. Jón Þór hefur starfað hjá Landsbankanum hf. og áður Landsbanka Íslands hf. frá árinu 2003. Jón Þór situr í stjórnum Eignarhaldsfélagsins ehf. og Lindum Resources ehf. Jón Þór var kjörinn í stjórn Landsbréfa í desember 2013. Jón Þór er sem starfsmaður Landsbankans flokkaður sem háður stjórnarmaður. Fyrir utan tengsl hans við Landsbankann, sem starfsmaður hans, á hann engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Kristinn Ingi Lárusson, f. 19. desember 1973, meðstjórnandi. Kristinn Ingi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri On-Waves. Kristinn hefur setið í stjórn Landsbréfa síðan í apríl 2012 og sat fyrir þann tíma í stjórn Landsvaka hf. Kristinn hefur áralanga reynslu af fjármálamörkuðum. Kristinn Ingi á sæti stjórn Talenta ehf. og einnig í stjórn Trackwell ehf., en bæði félög eru ótengd Landsbréfum. Kristinn Ingi er flokkaður sem óháður stjórnarmaður. Kristinn Ingi á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, f. 6. júní 1965, meðstjórnandi. Sigríður Hrund er með BS gráðu í viðskiptafræði frá University of South Alabama og meistaragráðu (MBA-GeM) frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar sem sölustjóri hjá Fasteignakaupum ehf. Sigríður Hrund hefur mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hún var á árunum 2004-2013 forstöðumaður eignasviðs Sameinaða lífeyrissjóðsins. Á árunum 2003-2004 var hún viðskiptastjóri hjá Einkabankaþjónustu Kaupþings Búnaðarbanka hf. og á árunum 1990-2001 var hún ráðgjafi fjárvörslu og síðar sjóðstjóri í Eignastýringu Landsbréfa hf. Sigríður Hrund á sæti í stjórn Reykjavík Consulting ehf. Sigríður Hrund var kjörin í stjórn Landsbréfa í desember 2013 og er flokkuð sem óháður stjórnarmaður. Hún á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, þau Bergþór I. Björgvinsson, f. 28. maí 1974, verkfræðingur í Landsbankanum sem telst háður varastjórnarmaður og Heiður Agnes Björnsdóttir, f. 30. apríl 1962, viðskiptafræðingur, sem telst óháður varastjórnarmaður. Hvorugt þeirra á sæti í stjórnum annarra félaga og eiga engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa önnur en þau sem ráðast af starfssambandi Bergþórs við Landsbankann.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftar ef þörf krefur. Á árinu 2013 voru haldnir 15 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á þá utan einn, en þá forfallaðist Sigurbjörn Jón Gunnarsson. Lögfræðingur Landsbréfa ritar fundargerðir á stjórnarfundum. Breytingar urðu á stjórn félagsins þann 13. desember 2013, en þá voru þau Helga Gunnarsdóttir, Jón Þór Grímsson og Sigríður Hrund Guðmundsdóttir kjörin í stað Halldóru G. Hinriksdóttur, Helgu Friðriksdóttur og Jóns Steindórs Valdimarssonar. Í framhaldinu var Sigurbjörn Jón Gunnarsson kjörinn formaður stjórnar í stað Jóns Steindórs Valdimarssonar. Á árinu 2013 var haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórn lagði mat á eigin störf og á störf framkvæmdastjóra. Markmið fundarins var að leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað mætti betur fara. Með sama hætti var lagt mat á formann stjórnar og framkvæmdastjóra og hvaða mætti bæta.

Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsvæði félagsins, en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar eru að auki birtar aðrar reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem reglur um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna, reglur um hagsmunaárekstra, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og siðasáttmáli Landsbréfa. Starfandi eru tvær undirnefndir stjórnar, Starfskjaranefnd og Endurskoðunarnefnd, og hefur stjórn hingað til kosið nefndarmenn úr eigin hópi, þó heimilt sé að skipa aðra. Starfskjaranefnd er nú skipuð Sigurbirni Jóni Gunnarssyni og Helgu Gunnarsdóttur og Endurskoðunarnefnd er skipuð Kristni Inga Lárussyni, sem er formaður nefndarinnar, Jóni Þór Grímssyni og Sigríði Hrund Guðmundsdóttur. Starfskjaranefnd hélt fjóra fundi á árinu 2013 og Endurskoðunarnefnd hélt tvo fundi á árinu 2013, en þess skal getið að hún var fyrst skipuð það ár.

Sigþór Jónsson, f. 9. nóvember 1976, er framkvæmdastjóri Landsbréfa. Sigþór hóf störf hjá félaginu í byrjun september 2012. Hann er viðskiptafræðingur að mennt og starfaði áður sem sjóðstjóri og síðustu ár sem forstöðumaður Sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni hf. Sigþór sinnti á þeim tíma framkvæmdastjórn og sat í stjórnum félaga í stýringu Stefnis hf. Sigþór er stjórnarformaður í félögunum Landsbréf – Brunnur slhf., Sæhorn slhf., Grunnur slhf., Landsbréf – Icelandic Tourism Fund I slhf. og Horn II slhf., en þessi félög eru öll í stýringu hjá Landsbréfum. Þá er Sigþór í stjórn félaganna Landsbréf Grunnur I GP ehf., Sæhorns GP ehf. og Landsbréf Brunnur I GP ehf., en félög þessi eru ábyrgðaraðilar framangreindra samlagshlutafélaga. Sigþór á enga eignarhluti í Landsbréfum né hefur hann gert kaupréttarsamning um kaup á hlutum í félaginu. Sigþór á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins eða hluthafa félagsins.

Ársreikningur 2013

Blaðsíðan er vísvitandi höfð auð.

Efnisyfirlit

A-hluti	Bls.
Ársreikningur rekstrarfélagsins	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3-6
Áritun óháðs endurskoðanda.....	7
Rekstrarreikningur.....	8
Efnahagsreikningur.....	9
Sjóðstreymisyfirlit.....	10
Skýringar	11-18

B-hluti	
Ársreikningur Verðbréfasjóða	19
Samandreginn ársreikningur.....	20
Rekstrarreikningur.....	21
Efnahagsreikningur.....	22
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	23
Skýringar	24-33
Ársreikningur Fjárfestingarsjóða	34
Samandreginn ársreikningur.....	35
Rekstrarreikningur.....	36
Efnahagsreikningur.....	37
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	38
Skýringar	39-47

Landsbréf hf.
kt: 691208-0520
Borgartúni 33, 105 Reykjavík

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins
Landsbréf hf., eru fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, auk þess að hafa starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar.

Eignaraðild og framsetning ársreiknings:
Hluthafar í Landsbréfum hf. eru tveir:

Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920	0,01%
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790	99,99%

Báðir hluthafar félagsins eru dótturfélög Landsbankans hf., sem er að meirihluta til í eigu íslenska ríksins. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í A- og B-hluta, þar sem A-hluti hefur að geyma ársreikning félagsins sjálfs en B-hluti ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða sem voru í rekstri félagsins á árinu. A-hluti ársreiknings Landsbréfa hf. er hluti af samstæðureikningi Landsbankans. Framsetning ársreikningsins er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Félagið starfar sem sjálfstætt fjármálafyrirtæki og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Landsbankanum.

Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á árinu 2013
Árið 2013 var fyrsta heila rekstrarár félagsins eftir að Landsbréf hf. keyptu rekstur allra sjóða Landsvaka hf. í mars 2012 og tóku yfir rekstur og stýringu eigna Horns fjárfestingarfélags hf. í september sama ár. Umfang Landsbréfa hf. hélt áfram að aukast á árinu 2013 og námu hreinar rekstrartekjur félagsins 969 milljónum króna samanborið við 443 milljónir króna árið 2012. Hagnaður af rekstri nam 187 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 7 milljónir króna árið 2012.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 22. mars 2013 í nýjum höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 33 í Reykjavík. Á fundinum var samþykkt að auka eigið fé félagsins um 750 milljónir króna. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. skrifaði sig fyrir allri hækkuninni og var það greitt að fullu á árinu. Sterkur efnahagur félagsins eflir það verulega til að takast á við vöxt og verkefni næstu ára.

Í árslok 2013 störfuðu hjá Landsbréfum hf. 19 starfsmenn en þeir voru 15 í upphafi árs. Fjölgun starfsmanna er í samræmi við aukin umsvif á árinu.

Eigið fé Landsbréfa hf. í árslok 2013 nam 1.644 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, var 115,5% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt 84. gr. laganna. Þá var eiginfjárgrunnur félagsins 168% af föstum rekstrarkostnaði, en hlutfall þetta má ekki vera lægra en 25% samkvæmt sama lagaákvæði.

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður að þessu sinni og að hagnaði ársins 2013 verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins.

Í lok árs 2013 annaðist félagið rekstur 29 sjóða um sameiginlega fjárfestingu samanborið við 20 í upphafi árs. Auk þess sinnti félagið eignastýringu fyrir 5 lögaðila samkvæmt sérstökum samningum. Eignir í stýringu voru í árslok samtals um 110 milljarðar króna samanborið við 82,3 milljarðar króna í upphafi árs. Eignir í stýringu hafa því aukist um 27 milljarða króna á árinu eða um 33%. Alls voru um 12 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa hf. eða í eignastýringu hjá félaginu í lok árs.

Umsvif tengd framtaksfjárfestingum jukust verulega á árinu 2013 en lokið var við fjármögnun tveggja samlagshlutafélaga á sviði framtaksfjárfestinga. Annars vegar Horn II slhf., sem er 8,5 milljarðar króna að stærð og fjárfestir í öllum geirum íslensks atvinnulífs. Hins vegar Landsbréf – Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF I) sem er rúmlega tveir milljarðar króna að stærð, en félagið sérhæfir sig í framtaksfjárfestingum tengdum ferðaþjónustu, einkum nýrri afþreyingu fyrir ferðamenn.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Í lok ársins 2013 voru eignir í stýringu hjá Landsbréfum hf. tengdar framtaksfjárfestingum alls 43,5 milljarðar króna. Nýjar eignir í stýringu námu um 10,6 milljörðum króna.

Félagið rekur þrjá hlutabréfasjóði, sem fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði, Landsbréf – Úrvalsbréf, Landsbréf – Öndvegisbréf og Landsbréf - LEQ. Nafnávöxtun tveggja fyrrnefndu sjóðanna var mjög góð og umfram viðmið þeirra. Landsbréf – LEQ var stofnaður á árinu og markar tímamót sem fyrsti skráði kauphallarsjóðurinn á Íslandi frá endurreisn íslensks hlutabréfamarkaðar. Samtals stækkuðu sjóðirnir þrír um 103% á árinu eða úr 7,1 milljarði króna í 14,4 milljarða króna.

Félagið rekur tvo erlenda hlutabréfasjóði. Landsbréf – Global Equity Fund skilaði 6,1% nafnávöxtun á árinu sem er 4,8% lægri en viðmið sjóðsins. Nafnávöxtun Landsbréfa – Nordic 40 var 21,4% á árinu sem er rúmum 2% meira en viðmið sjóðsins. Sjóðirnir voru í árslok um 3,1 milljarðar kr.

Landsbréf hf. reka nokkra ríkisskuldabréfasjóði og hefur ávöxtun þeirra almennt verið mjög góð miðað við markaðsaðstæður og í samanburði við aðra sjóði. Landsbréf – Sparibréf óverðtryggð voru með bestu nafnávöxtun ríkisskuldabréfasjóða, 5,1%, en það er þriðja árið í röð sem Landsbréf stýra besta ríkisskuldabréfasjóði ársins. Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbréfa minnkuðu lítillega á árinu, sem er í takt við almenna þróun á markaðnum.

Af öðrum skuldabréfasjóðum má nefna Landsbréf - Markaðsbréf sem stækkaði úr 2,7 milljörðum í rúma 5 milljarða á árinu eða um 88%. Sjóðurinn sem varð 15 ára á árinu var með hæstu nafnávöxtun allra skuldabréfasjóða á árinu, eða 6,08%.

Félagið fjölgaði sjóðum á árinu sem fjárfesta í mismunandi eignaflokkum svo sem skráðum hlutabréfum og skuldabréfum. Félagið stýrði fimm slíkum blönduðum sjóðum í lok árs og voru eignir þeirra þá rúmir 3 milljarðar samanborið við 320 milljónir í upphafi árs.

Í júlí valdi Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) Landsbréf hf. til að annast eignastýringu fyrir sjóðinn. Samningurinn við TIF var gerður í framhaldi útboðs þar sem tíu fjármálafyrirtæki tóku þátt, en að loknu ítarlegu matsferli ákvað TIF að ganga til samninga við Landsbréf hf. og tvö önnur fjármálafyrirtæki. Samningurinn við TIF felur í sér mikla viðurkenningu fyrir félagið og starfsmenn félagsins.

Á haustmánuðum voru kauphallarsjóðirnir Landsbréf - LEQ og Landsbréf - LREAL teknir til viðskipta hjá Nasdaq OMX Iceland hf. og er sá síðarnefndi fyrsti skuldabréfasjóðurinn sem hefur verið skráður í kauphöll hér á landi.

Stjórnarháttayfirlýsing

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hf. hefur að geyma stutta lýsingu á stjórnarháttum félagsins, en ítarlegri lýsingu á þeim er að finna á heimasíðu félagsins, www.landsbref.is og einnig er ítarlegri yfirlýsing birt í ársskýrslu félagsins. Stjórnarhættir Landsbréfa hf. taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (4. útgáfa mars 2012 og birt meðal annars á http://www.vi.is/utgafa-vi/). Ákveðin frávik eru frá leiðbeiningunum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þar með talið aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir, báðir í samstæðu Landsbankans. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Stjórnarháttayfirlýsing (framhald)

Landsbréf hf. lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst er unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins. Gengið er úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og að reikningsskil séu samræmi við þær reglur sem um rekstur þess gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unninn innan félagsins sjálfs, en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu er útvistað með sérstökum samningi til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar. Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og eru KPMG ehf. endurskoðunarfélag Landsbréfa hf. Endurskoðendur framkvæma endurskoðun á reikningum félagsins í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Stjórnarmenn Landsbréfa hf. eru fimm talsins og tveir til vara. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Landsbankanum. Stjórn félagsins skipa Sigurbjörn Jón Gunnarsson, viðskiptafræðingur, formaður stjórnar Landsbréfa, Helga Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur, meðstjórnandi, Jón Þór Grímsson, lögfræðingur, meðstjórnandi, Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptafræðingur, meðstjórnandi og Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur, meðstjórnandi. Af þeim teljast Helga og Jón Þór vera háð Landsbankanum en aðrir stjórnarmenn eru óháðir stjórnarmenn. Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, þau Bergþór I. Björgvinsson verkfræðingur í Landsbankanum og Heiður Agnes Björnsdóttir viðskiptafræðingur, sem telst óháð Landsbankanum hf.

Tvær undirnefndir stjórnar hafa verið skipaðar og eru það starfskjaranefnd sem er skipuð Sigurbirni Jóni Gunnarssyni og Helgu Gunnarsdóttur og endurskoðunarnefnd en hana skipa Kristinn Ingi Lárusson, formaður auk Jóns Þórs Grímssonar og Sigríðar Hrundar Guðmundsdóttur. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftar ef þörf krefur. Á árinu 2013 voru haldnir 15 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á þá utan einn, en þá forfallaðist Sigurbjörn Jón Gunnarsson. Lögfræðingur Landsbréfa hf. ritar fundargerðir á stjórnarfundum.

Breytingar urðu á stjórn félagsins þann 13. desember 2013, en þá voru þau Helga Gunnarsdóttir, Jón Þór Grímsson og Sigríður Hrund Guðmundsdóttir kjörin í stað Halldóru G. Hinriksdóttur, Helgu Friðriksdóttur og Jóns Steindórs Valdimarssonar. Í framhaldinu var Sigurbjörn Jón Gunnarsson kjörinn formaður stjórnar í stað Jóns Steindórs Valdimarssonar. Á árinu 2013 var haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórn lagði mat á eigin störf og á störf framkvæmdastjóra. Markmið fundarins var að leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað mætti betur fara. Með sama hætti var lagt mat á störf formanns stjórnar og störf framkvæmdastjóra og hvað þar mætti bæta.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Sigþór Jónsson viðskiptafræðingur.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands veitti Landsbréfum hf., í lok árs 2013 viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Var viðurkenningin veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum Landsbréfa hf. sem unnin var af lögmannsstofunni Lex ehf. Niðurstaða úttektar Lex var sú að stjórnarhættir Landsbréfa gætu að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar. Ítarlegri stjórnarháttayfirlýsing er birt á heimasíðu félagsins www.landsbref.is og í ársskýrslu félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2013 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. febrúar 2014

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsbréfa hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsbréfa hf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum: A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningur Landsbréfa hf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 25. febrúar 2014

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur			
Umsýsluþóknun		917.200	438.381
Fjármunatekjur	2	40.989	4.810
Aðrar tekjur		10.770	0
		968.959	443.191
Fjármagnsgjöld	2	96	66
Hreinar rekstrartekjur		968.863	443.125
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	352.791	147.933
Annar rekstrarkostnaður	4	346.724	260.002
Afskriftir	5	35.333	26.500
		734.848	434.435
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir tekjuskatt		234.015	8.690
Tekjuskattur	8	(46.807)	(1.742)
Hagnaður ársins		187.208	6.948

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Eignir			
Viðskiptavild	5	468.167	503.500
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	915.494	4.049
Verðbréf með föstum tekjum		2.155	0
Skatteign	8	0	9.019
Viðskiptakröfur		426.770	200.984
Handbært fé		68.183	76.287
Eignir samtals		1.880.769	793.839

		31.12.2013	31.12.2012
Eigið fé			
Hlutafé		35.000	34.000
Yfirverðsreikningur		1.437.000	688.000
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé		171.660	(36.147)
Eigið fé samtals	9	1.643.660	685.853
Skuldir			
Skattskuld	8	29.925	0
Aðrar skammtímaskuldir		207.184	107.986
Skuldir samtals		237.109	107.986
Eigið fé og skuldir samtals		1.880.769	793.839

Sjóðstreymisyfirlit 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	9	187.208	6.948
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	35.333	26.500
Gangvirðisbreyting verðbréfa		(42.369)	0
Laun og launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra greiðslna	3	20.600	0
Tekjuskattur	8	46.807	1.742
Veltufé frá rekstri		247.579	35.190
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun		(225.786)	(200.981)
Skammtímaskuldir, hækkun		91.335	107.409
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(134.451)	(93.572)
Handbært fé frá (til) rekstrar		113.128	(58.382)
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptur sjóðarekstur		0	(530.000)
Keypt verðbréf		(1.601.843)	(4.049)
Seld verðbréf		730.612	0
Fjárfestingarhreyfingar		(871.231)	(534.049)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	9	750.000	660.000
Fjármögnunarhreyfingar		750.000	660.000
(Lækkun), hækkun á handbæru fé		(8.103)	67.568
Handbært fé í ársbyrjun		76.287	8.719
Handbært fé í lok árs		68.184	76.287
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Framlag frá móðurfélagi í formi hlutabréfa	9	20.600	0
Hlutabréf afhent starfsmönnum	3	(20.600)	0

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Landsbréf hf. eru rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða Landsbréfa hf.

Í lok árs önnuðust Landsbréf hf. rekstur 34 sjóða og félaga. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fengið hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

Landsbréf hf. eru með starfsstöðvar sínar á Íslandi og fer starfsemi þeirra fram að Borgartúni 33, 105 Reykjavík. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er í 100% eigu Landsbankans hf. en Landsbankinn hf. hefur aðsetur að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsbréfa hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum.

1.2 Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

1.3 Samstæðureikningur

Ársreikningur Landsbréfa hf. A-hluti er hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf. Ársreikningur Landsbréfa hf. B-hluti er ekki hluti af samstæðureikningi bankans, nema í þeim tilvikum að samstæða Landsbankans eigi meirihluta hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum.

Samstæða Landsbankans á meirihluta hlutdeildarskírteina í eftirtöldum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Landsbréfa hf.; Landsbréf - LREAL, Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð, Landsbréf - LNOM og Landsbréf - LEQ.

1.4 Umsýsluþóknanir

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörsluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Einnig fær A-hluti Landsbréfa hf. umsýsluþóknanir af eignastýringasamningum.

1.5 Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini eru metin samkvæmt kaupgengi í lok árs. Hlutabréf eru færð á upprunalegu kostnaðarverði.

1.6 Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf eru metin miðað við kaupávöxtunarkröfu í lok árs.

Skýringar frh.

1.7 Viðskiptakröfur
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði og eru þær aðallega vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta Landsbréfa hf. í lok árs.

1.8 Viðskiptavild
Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Landsvaka hf. þann 22. mars 2012. Kaupverð var ákveðið með tilliti til tveggja óháðra verðmata sem framkvæmd voru fyrir stjórnir félaganna. Það er mat stjórnenda að nýtingartími viðskiptavildar sé 15 ár og því er hún afskrifuð línulega í samræmi við ákvæði í ársreikningalögum.

1.9 Handbært fé
Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

1.10 Skattskuld
Skattskuld félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Reiknuð skattskuld, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtts skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur.

2. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2013	2012
Vaxtatekjur	1.657	365
Hreinar tekjur af veltufjáreignum	42.370	0
(Gengistap) hagnaður	(3.039)	4.445
Fjármunatekjur samtals	40.988	4.810
Vaxtagjöld	96	66
Fjármagnsgjöld samtals	96	66

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2013	2012
Laun	237.144	118.315
Iðgjöld til lífeyrissjóða	36.125	17.370
Launatengd gjöld	58.922	12.248
	332.191	147.933
Laun og launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra greiðslna greinast þannig*:		
Hlutabréfatengdar greiðslur til starfsmanna	17.640	0
Launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra launagreiðslna	2.960	0
	20.600	0
Samtals laun og launatengd gjöld	352.791	147.933

Í árslok voru 19 starfsmenn á launaskrá auk þriggja stjórnarmanna.

Starfsmenn í árslok	19	15
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	18	8

*Sjá nánar í skýringu 9.

Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda 2013 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Móframlag í lífeyrissjóð	Hlutabréfa-tengdar greiðslur til starfsm.	Samtals
Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri	22.424	4.388	1.717	28.529
Staðgengill framkvæmdastjóra*	18.057	4.921	7.536	30.514
Jón Steindór Valdimarsson, fyrrverandi stjórnarformaður	5.120	442	0	5.562
Sigurbjörn Jón Gunnarsson, stjórnarformaður	2.460	246	0	2.706
Kristinn Ingi Lárusson, meðstjórnandi	2.460	197	0	2.657
Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, meðstjórnandi	0	0	0	0

*Tveir aðilar gengdu starfi staðgengils framkvæmdastjóra á árinu.

Aðrir stjórnarmenn eru starfsmenn Landsbankans og fá ekki greidd stjórnarlaun.

3. Laun og launatengd gjöld, frh.

Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda 2012 greinast þannig:

Framkvæmdastjóri:	Laun og hlunnindi	Móframlag í lífeyrissjóð	Hlutabréfa-tengdar greiðslur til starfsm.	Samtals
Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri	9.038	1.533	0	10.571
Ari Skúlason, fyrrverandi framkvæmdastjóri	4.197	629	0	4.826
Egill D Brynjólfsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri	3.700	555	0	4.255
Svandís Ríkarðsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri	2.610	392	0	3.002
Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður	4.395	352	0	4.747
Kristinn Ingi Lárusson, meðstjórnandi	1.560	125	0	1.685
Sigurbjörn Jón Gunnarsson, meðstjórnandi	1.410	141	0	1.551
Heiður Agnes Björnsdóttir, meðstjórnandi	50	4	0	54
Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	1.050	84	0	1.134
Ingunn E. Sveinsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	150	12	0	162
Sigurður K. Tryggvason, fyrrverandi stjórnarmaður	150	12	0	162
Ljósbrá H. Baldursdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	900	72	0	972

4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2013	2012
Greitt til Landsbankans hf. á grundvelli útvistunarsamnings	231.543	179.319
Eftirlitsaðilar	17.781	14.676
Endurskoðun	16.103	8.353
Lögfræðikostnaður	5.720	9.834
Annað	75.577	47.820
	346.724	260.002

5. Viðskiptavild

Viðskiptavild greinist þannig:	2013	2012
Staða í upphafi árs	503.500	0
Kaupverð	0	530.000
Afskrifað á árinu	(35.333)	(26.500)
Bókfært verð 31.12.2013	468.167	503.500

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2013		
Innlend skráð:	Hlutdeildar-skírteini	Hlutabréf	Samtals
Hlutdeildarskírteini sjóða	154.847	0	154.847
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða	760.228	0	760.228
Aðrir fjármálagerningar	0	420	420
	760.228	420	760.648
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	915.075	420	915.494

	31.12.2012		
Innlend óskráð:	Hlutdeildar-skírteini	Hlutabréf	Samtals
Hlutdeildarskírteini sjóða	3.999	0	3.999
Aðrir fjármálagerningar	0	50	50
Verðbréf samtals	3.999	50	4.049

7. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsbréfa hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt systur-, dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, stjórn Landsbréfa hf., lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskipti við tengda aðila eru við Landsbankann hf., Horn Fjárfestingarfélag hf. og Hömlur ehf. Viðskiptin við Landsbankann hf. eru í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða eða fasta fjárhæð.

Félagið var með innlán hjá móðurfélagi sínu á árinu 2013 og fékk vaxtatekjur af þeim reikningum í samræmi við eðlilega viðskiptaskilmála. Einnig er félagið með viðskipti við systurfélög sín, Horn Fjárfestingarfélag hf. og Hömlur ehf.

Í rekstur og efnahag hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila 31.12.2013:

	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf.	1.195	242.611	115.601	66.710
Horn Fjárfestingarfélag hf.	208.847	0	75.356	224
Hömlur ehf.	0	0	6.000	0

Í rekstur og efnahag hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila 31.12.2012:

	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf.	364	180.311	76.287	61.104
Horn Fjárfestingarfélag hf.	55.149	12.868	52.977	4.528

8. Skattar

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:	2013	2012
Breyting á skattskuldbindingu	24.171	1.742
Tekjuskattur til greiðslu	22.636	0
Reiknaðir skattar samkvæmt rekstrarreikningi	46.807	1.742

(Skattskuld) skatteign greinist þannig:	2013	2012
Skatteign í byrjun árs	9.019	10.761
Reiknaður skattur ársins	(46.807)	(1.742)
Nýting móðurfélagsins á yfirfæranlegu tapi	(14.773)	0
Tekjuskattur til greiðslu	22.636	0
(Skattskuld) skatteign í árslok	(29.925)	9.019

(Skattskuld) skatteign skiptist þannig á milli liða:

Viðskiptavild	(30.033)	(15.900)
Frestaður gengismunur	109	(590)
Yfirfæranlegt tap	0	25.509
(Skattskuld) skatteign í árslok	(29.925)	9.019

9. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í árslok 35 milljónum króna samkvæmt samþykktum félagsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverð	Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2012	33.000	29.000	(43.095)	18.905
Innborgað hlutafé	1.000	659.000		660.000
Hagnaður ársins			6.948	6.948
Eigið fé 31.12.2012	34.000	688.000	(36.147)	685.853
Eigið fé 1.1.2013	34.000	688.000	(36.147)	685.853
Framlag frá Landsbankanum hf.			20.600	20.600
Innborgað hlutafé	1.000	749.000		750.000
Hagnaður ársins			187.208	187.208
Eigið fé 31.12.2013	35.000	1.437.000	171.661	1.643.661

Þann 11. apríl 2013 lét LBI hf. af hendi allan eignarhlut sinn í Landsbankanum, þar sem í hlut Landsbankans kom 2% eignarhlutur eða 500 milljónir hluta. Landsbankinn gerði ráðstafanir til þess að deila út þessum hlutum til starfsmanna í samræmi við kröfur LBI hf. og samþykkt hluthafafundar Landsbankans þann 17. júlí 2013. Bankaráð Landsbankans hf. tók þá ákvörðun að starfsmenn Landsbréfa hf. skyldu eins og aðrir starfsmenn samstæðunnar fá greiddar hlutabréfatengdar greiðslur í kjölfar yfirfærslu á 2% hlutafjár frá LBI hf. yfir til bankans. Virði þeirra bréfa sem starfsmenn fá sem er vegna þess tíma sem þeir hafa starfað hjá félaginu er 20,6 milljónir króna. Fjárhæðin er gjaldfærð með launum og launatengdum gjöldum og færist á móti sem framlag frá bankanum yfir eigið fé.

10. Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 115,5% en lágmarks eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum er 8%.

Eiginfjárhlutfallið reiknast þannig:	2013	2012
Eigið fé	1.643.660	685.853
Skatteign	0	(9.019)
Viðskiptavild	(468.167)	(503.500)
Eiginfjárgrunnur	1.175.494	173.334
Heildar eiginfjárkrafa greinist á eftirfarandi hátt:		
Útlánaáhætta	80.362	17.623
Markaðsáhætta	1.074	-
Rekstraráhætta	-	-
Eiginfjárkrafa samtals	81.436	17.623
Eiginfjárhlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárhlutfall	115,5%	78,7%

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Eiginfjárgrunnur Landsbréfa var í lok ársins 168% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

Útlánaáhætta
Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhættu reiknast af fjáreignum félagsins um áramót.

Markaðsáhætta
Gjaldeyrisáhætta reiknast af handbæru fé í erlendum gjaldmiðlum.

Rekstraráhætta
Samkvæmt 2. mgr. 84. gr laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Það þýðir þó ekki að félagið fylgist ekki með þessari áhættu í rekstri sínum. Þvert á móti hefur félagið skilgreint allar helstu áhættur sem starfsfólk þess hefur greint í rekstri þess og útbúið ítarlega viðbragðsáætlun vegna þeirra. Starfsfólk félagsins er stöðugt á varðbergi vegna rekstraráhættu og reynir að lágmarka hana með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Lausafjáráhætta
Landsbréf hf. hafa sett sér reglur hvað varðar lausafjárstýringu og eru þær hluti af almennum áhætturreglum félagsins. Handbært fé um áramót var 68,2 milljónir króna og var stýring á því í samræmi við reglur félagsins.

11. Aðrar upplýsingar

Eignir í stýringu

Í lok árs 2013 annaðist félagið rekstur 34 sjóða og félaga um sameiginlega fjárfestingu. Eignir í stýringu voru um 110 milljarðar króna í lok árs samanborið við 83 milljarða króna í upphafi þess. Eignir í stýringu hafa því aukist um 27 milljarða króna eða um 33% á árinu. Alls voru um 12 þúsund viðskiptavinir með eignir í stýringu hjá félaginu.

Önnur mál

Félagið gerði í lok árs sátt fyrir hönd fagfjárfestasjóðsins Landsbanki Structured Finance III vegna dómsmáls sem höfðað var á hendur Landsbréfum hf. vegna þessa sjóðs. Sáttin er háð fyrirvara um samþykki Seðlabanka Íslands. Vænst er að niðurstaða liggi fyrir í málinu á fyrri hluta ársins 2014. Málið hefur óverulega þýðingu á rekstur félagsins.

Verðbréfasjóðir Landsbréfa hf.

Ársreikningur 2013

Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða 2013

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Nafnávöxtun síðustu		
	2013	2012	2013	2012	2013	2012	2013	2012	Breyting	2013	2012	3 mánuði	6 mánuði	12 mánuði
Landsbréf - Veltubréf.....	229.235	105.631	4.398.874	3.407.704	3.701	4.945	4.395.173	3.402.759	29,16%	11,046	10,492	1,40%	2,72%	5,28%
Landsbréf - Sparibréf ríkisvíxlar *.....	34.233	48.472	928.777	1.443.045	1.165	1.884	927.612	1.441.161	-35,63%	12,035	11,681	0,77%	1,42%	3,03%
Landsbréf - Sparibréf stutt.....	75.345	136.516	1.323.784	3.518.960	2.420	7.419	1.321.364	3.511.541	-62,37%	13,022	12,654	(1,00%)	0,08%	2,91%
Landsbréf - Sparibréf meðallöng.....	301.062	396.599	11.103.176	10.766.270	22.269	21.872	11.080.907	10.744.398	3,13%	3,302	3,207	(1,96%)	0,18%	2,96%
Landsbréf - Sparibréf löng.....	64.778	165.726	2.549.989	2.804.411	5.861	5.612	2.544.128	2.798.799	-9,10%	8,643	8,446	(2,73%)	(0,53%)	2,33%
Landsbréf - Sparibréf verðtr.	215.207	550.158	11.169.387	14.683.781	24.190	29.420	11.145.197	14.654.361	-23,95%	13,166	12,995	(2,98%)	0,47%	1,32%
Landsbréf - Sparibréf óverðtr.	21.037	41.734	1.858.044	715.376	4.017	1.464	1.854.027	713.913	159,70%	12,496	11,887	(0,84%)	(0,90%)	5,12%
Landsbréf - Markaðsbréf.....	179.743	101.603	5.035.849	2.681.355	9.856	5.462	5.025.992	2.675.893	87,82%	3,995	3,766	(0,75%)	1,58%	6,08%
Markaðsbréf stutt **.....	-	34.469	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Landsbréf - Global Equity Fund *.....	170.991	244.926	2.911.606	2.806.105	19.207	12.697	2.892.399	2.793.408	3,54%	1.717,520	1.618,71	2,20%	6,40%	6,10%
Landsbréf - Nordic 40 *, ***.....	31.437	21.860	216.771	127.823	6.876	349	209.896	127.474	64,66%	111,66	91,96	5,00%	16,88%	21,42%
Landsbréf - LEQ.....	58.230	-	830.065	-	1.128	-	828.938	-	-	1.105,25	-	9,66%	12,30%	-
Landsbréf - LREAL.....	(36.802)	-	938.981	-	720	-	938.261	-	-	962,32	-	(2,95%)	-	-
Landsbréf - LNOM.....	173	-	50.192	-	11	-	50.181	-	-	1.003,62	-	-	-	-
Samtals.....	**1.344.669**	**1.847.694**	**43.315.495**	**42.954.831**	**101.421**	**91.124**	**43.214.074**	**42.863.707**	**0,82%**					

* Sjá skýringu 9

** Markaðsbréf stutt voru sameinuð inn í Markaðsbréf löng í febrúar 2012 og var nafni sjóðsins þá breytt í Markaðsbréf. Sjóðurinn heitir í dag Landsbréf - Markaðsbréf.

*** Ávöxtun í mynt sjóðsins, EUR.

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	Landsbréf Veltubréf	Landsbréf Sparibréf ríkisvíxlar*	Landsbréf Sparibréf stutt	Landsbréf Sparibréf meðallöng	Landsbréf Sparibréf löng	Landsbréf Sparibréf verðtr.	Landsbréf Sparibréf óverðtr.	Landsbréf Markaðsbréf	Landsbréf Global Equity Fund*	Landsbréf Nordic 40*	Landsbréf LEQ*	Landsbréf LREAL*	Landsbréf LNOM*	2013 Samtals	2012 Samtals
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.2															
Vextir, verðbætur og gengismunur		244.947	40.078	89.830	396.588	91.281	335.305	31.494	155.301	181.868	28.911	60.928	(35.442)	186	1.621.276	2.210.605
Arður		0	0	0	0	0	0	0	0	35.744	4.713	133	0	0	40.590	35.119
Vaxtagjöld		(6)	0	(64)	0	0	(29)	0	(43)	0	(4)	0	0	0	(145)	(53)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		244.941	40.078	89.767	396.588	91.281	335.277	31.494	155.258	217.611	33.621	61.061	(35.442)	186	1.661.720	2.245.671
Rekstrargjöld																
Umsýsluþóknun	1.3	15.706	5.684	12.243	86.008	23.250	112.681	9.424	29.696	42.467	1.791	2.140	872	11	341.972	329.010
Þóknanir og bankakostnaður		0	161	2.178	9.518	3.253	7.389	1.033	3.186	4.153	393	692	488	2	32.447	62.563
Rekstrargjöld samtals		15.706	5.845	14.421	95.526	26.503	120.070	10.457	32.882	46.620	2.184	2.832	1.359	13	374.418	391.573
Sértæk niðurfærsla fjárfestinga		0	0	0	0	0	0	0	(57.367)	0	0	0	0	0	(57.367)	6.403
Hagnaður (tap) ársins færður á hlutdeildarskírteini		**229.235**	**34.233**	**75.345**	**301.062**	**64.778**	**215.207**	**21.037**	**179.743**	**170.991**	**31.437**	**58.230**	**(36.802)**	**173**	**1.344.669**	**1.847.694**

* Sjá skýringu 9

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	Landsbréf Veltubréf	Landsbréf Sparibréf ríkisvíxlar*	Landsbréf Sparibréf stutt	Landsbréf Sparibréf meðallöng	Landsbréf Sparibréf löng	Landsbréf Sparibréf verðtr.	Landsbréf Sparibréf óverðtr.	Landsbréf Markaðsbréf	Landsbréf Global Equity Fund*	Landsbréf Nordic 40*	Landsbréf LEQ*	Landsbréf LREAL*	Landsbréf LNOM*	31.12.2013 Samtals	31.12.2012 Samtals
Eignir																
Fjárfestingar	5,6															
Verðbréf með föstum tekjum		306.957	880.647	1.282.794	11.064.230	2.534.490	11.085.879	1.814.943	4.898.836	0	0	0	938.083	50.150	34.857.007	36.440.139
Hlutabréf		0	0	0	0	0	0	0	0	638.674	209.809	828.695	0	0	1.677.178	714.924
Hlutdeildarskírteini		0	0	0	0	0	0	0	0	2.125.133	0	0	0	0	2.125.133	2.099.703
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		3.853.947	0	0	0	0	80.011	0	125.017	0	0	0	0	0	4.058.975	3.393.112
Fjárfestingar samtals		4.160.904	880.647	1.282.794	11.064.230	2.534.490	11.165.890	1.814.943	5.023.853	2.763.807	209.809	828.695	938.083	50.150	42.718.294	42.647.878
Aðrar eignir																
Handbært fé		236.568	48.054	40.771	37.046	15.110	2.337	42.767	11.581	148.185	6.962	1.368	834	34	591.618	302.340
Aðrar eignir		1.402	77	220	1.900	390	1.160	334	414	(385)	0	2	64	8	5.584	4.613
Aðrar eignir samtals		237.970	48.130	40.991	38.946	15.500	3.498	43.101	11.995	147.799	6.962	1.370	898	42	597.201	494.388
Eignir samtals		**4.398.874**	**928.777**	**1.323.784**	**11.103.176**	**2.549.989**	**11.169.387**	**1.858.044**	**5.035.849**	**2.911.606**	**216.771**	**830.065**	**938.981**	**50.192**	**43.315.495**	**42.954.831**
Skuldir																
Hlutdeildarskírteini	3	4.395.173	927.612	1.321.364	11.080.907	2.544.128	11.145.197	1.854.027	5.025.992	2.892.399	209.896	828.938	938.261	50.181	43.214.074	42.863.707
Aðrar skuldir	4	3.701	1.165	2.420	22.269	5.861	24.190	4.017	9.856	19.207	6.876	1.128	720	11	101.421	91.124
Skuldir samtals		**4.398.874**	**928.777**	**1.323.784**	**11.103.176**	**2.549.989**	**11.169.387**	**1.858.044**	**5.035.849**	**2.911.606**	**216.771**	**830.065**	**938.981**	**50.192**	**43.315.495**	**42.954.831**

* Sjá skýringu 9

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2013

	Skýr.	Landsbréf Veltubréf	Landsbréf Sparibréf ríkisvíxlar*	Landsbréf Sparibréf stutt	Landsbréf Sparibréf meðallöng	Landsbréf Sparibréf löng	Landsbréf Sparibréf verðtr.	Landsbréf Sparibréf óverðtr.	Landsbréf Markaðsbréf	Landsbréf Global Equity Fund*	Landsbréf Nordic 40*	Landsbréf LEQ*	Landsbréf LREAL*	Landsbréf LNOM*	2013 Samtals	2012 Samtals
Rekstrarhreyfingar																
Hagnaður (tap) fært á hlutdeildarskírteini.....		229.235	34.233	75.345	301.062	64.778	215.207	21.037	179.743	170.991	31.437	58.230	(36.802)	173	1.344.669	1.847.694
Fjármögnunarhreyfingar																
Seld hlutdeildarskírteini.....		7.255.536	95.690	473.016	1.787.220	582.495	4.312.601	1.616.868	2.803.821	2.450	84.456	770.708	975.063	50.008	20.809.933	31.184.763
Innleyst hlutdeildarskírteini.....		(6.492.358)	(643.473)	(2.738.538)	(1.751.774)	(901.945)	(8.036.972)	(497.791)	(633.465)	(74.450)	(24.986)		0	0	(21.795.751)	(27.551.935)
Gjaldeyrisgengisáhrif.....		0	0	0	0	0	0	0	0	0	(8.484)	0	0	0	(8.484)	7.204
		763.179	(547.782)	(2.265.522)	35.447	(319.450)	(3.724.371)	1.119.077	2.170.356	(72.000)	50.985	770.708	975.063	50.008	(994.302)	3.640.032
Hækkun (lækkun) á hreinni eign.....		992.414	(513.549)	(2.190.177)	336.509	(254.671)	(3.509.165)	1.140.114	2.350.099	98.992	82.422	828.938	938.261	50.181	350.367	5.487.726
Hrein eign í ársbyrjun.....		3.402.759	1.441.161	3.511.541	10.744.398	2.798.799	14.654.361	713.913	2.675.893	2.793.408	127.474	0	0	0	42.863.707	37.375.981
Hrein eign í lok árs.....		**4.395.173**	**927.612**	**1.321.364**	**11.080.907**	**2.544.128**	**11.145.197**	**1.854.027**	**5.025.992**	**2.892.399**	**209.896**	**828.938**	**938.261**	**50.181**	**43.214.074**	**42.863.707**

* Sjá skýringu 9

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Landsbréf hf. eru dótturfélag Landsbankans hf. og er A-hluti Landsbréfa hf. hluti af samstæðu Landsbankans hf. en sjóðir Landsbréfa hf. eru ekki hluti af samstæðu Landsbankans hf. nema í þeim tilvikum að samstæða Landsbankans eigi meirihluta hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum. Eftirtaldir verðbréfasjóðir eru í meirihlutaeigu samstæðu Landsbankans í lok ársins, Landsbréf - LEQ, Landsbréf - LREAL og Landsbréf - LNOM og því teknir í samstæðu Landsbankans hf. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

1.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

1.3 Umsýsluþóknun

Verðbréfasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörsluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeirri mynt sem hann er í. Umsýsluþóknun er sem hér segir:

Veltubréf	0,35%	
Landsbréf - Sparibréf ríkisvíxlar	0,50%	*
Landsbréf - Sparibréf stutt	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf meðallöng	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf löng	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð	0,80%	
Landsbréf - Markaðsbréf	0,80%	
Landsbréf - Global Equity Fund	1,50%	*
Landsbréf - Nordic 40	1,10%	*
Landsbréf - LEQ	0,50%	*
Landsbréf - LREAL	0,30%	*
Landsbréf - LNOM	0,30%	*

* Sjá skýringu 9

1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Sjóðir sem eru með rekstur í erlendri mynt og starfsrækslugjaldmiðil annan en íslenskar krónur eru birtir í íslenskum krónum í reikningsskilum Landsbréfa hf. með því að nota það gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2014. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.5 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum tekjum sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni. Sértæk niðurfærsla er færð telji rekstrarfélag þörf á því.

